


# TEIKNING / MÁLUN - framhald

Myndlistarskóli Mosfellsbæjar – vor 2016



*Ljósmyndir frá teikinámskeiðinu, „Út fyrir kassann“ í Myndlistarskóla Mosfellsbæjar haust 2016*

## Kennari: Kristín María Ingimarsdóttir

Hvernig getum við nýtt okkur teikninguna til að skoða umhverfi okkar, rannsakað og þróað teiknifærni okkar?

Á þessu námskeiði er farið í teikninguna út frá óhefðbundnari leiðum. Lögð er áhersla á að teiknifærni sé þróuð þannig að hún nýtist hverjum og einum sem best í sinni listsköpun. Á vorönn verður teikning útfærð og farið meira út í málun, haldið áfram með vatnsliti og akrílmálningu, frá því sem gert var á fyrra námskeiði.

Við veltum upp spurningunni hvað teikning er? Hvaða þátt hún skipar í sögunni og hvernig hún hefur verið notuð á mismunandi hátt í mismunandi menningarheimum og tímabilum. Hvaða gildi hefur teikning og málun fyrir okkur í dag á tímum stafrænnar tækni og getum við nýtt þá tækni fyrir teikninguna?

Kristín María hefur bakgrunn í hefðbundinni myndlist og myndlistarnámi; nam við Myndlistaskóla Reykjavíkur og Mynd og Handíðaskóla Íslands á árunum 1978-1984 en flutti þá til Bandaríkjanna og lærði málun og kvikmyndagerð við San Francisco Art Institute frá 1984-1986 og 1991-1994. Þar var megin áhersla lögð á að nýta leiðir í myndlistinni á persónulegan hátt og þróa eigin hugmyndir. Kristín María hefur samþætt teikningu og tölvumyndvinnslu undanfarna tvo áratugi, unnið að myndlist, hreyfimyndagerð og grafískri hönnun, er meðhöfundur að fjórum barnabókum og hefur kennt hreyfimyndagerð, meðal annars við LHÍ og er stundakennari í vetur í FMOS.

Áherslan lögð á að byggja upp hæfni í teikningu og litanotkun sem og að geta yfirfært og nýtt þá kunnáttu í annað vinnuferli og efni. En ekki síst er lögð áhersla á að vinna út frá því að teikningin sé fullgilt form eða miðill og hver og einn nemandi er hvattur til að uppgötva og þróa sínar persónulegu hugmyndir, stíl og efnivið.